

Fundargerð 36. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 26. maí 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Magnea Guðmundsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Elefsen og Sverrir Guðmundsson

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

1. Ársreikningur 2016

Ársreikningur 2016 lagður fram og samþykktur samhljóða.

2. Framkvæmdir við áningarstaði

Framkvæmdum er lokið við Brimketil og verður ný aðstaða þar formlega tekin í notkun 2. júní nk. Unnið er að hönnun stíga, bílastæða og breikkun aðkomuvegar að Brú milli heimsálfa. Verkefnastjóri og formaður stjórnar hafa átt í viðræðum við forsvarsmenn Reykjanes Aurora sem hyggjast reisa og reka þjónustumiðstöð við Reykjanesvita. Umræður fóru fram um leigusamning landeigenda og Reykjanes Aurora. Verkefnastjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. Deiliskipulag fyrir Gunnuhver

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Gunnuhver lögð fram.

4. Lögreglusamþykktir sveitarfélaganna á Suðurnesjum

Stjórn leggur til að sveitarfélögin á Suðurnesjum breyti lögreglusamþykktum þannig að gisting í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum verði aðeins heimiluð á sérmerktum svæðum, hvort heldur sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

5. Utanvegaakstur og umgengni um náttúruminjar

Verkefnastjóri mun funda með sveitarfélögum og stofnunum er málið varða í júní.

6. Geopark vika 29. maí -3. júní 2017

Dagskrá Geopark-viku á Reykjanes 2017 lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ